

## Umsögn Vesturbyggðar

Til : Sigurður Ásbjörnsson - SLS <Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is>  
Frá : Elfar Steinn Karlsson <elfar@vesturbyggd.is>  
Heiti : Umsögn Vesturbyggðar  
Málsnúmer : 202202046  
Málsaðili : Vesturbyggð  
Skráð dags : 10.05.2022 00:00:00  
Höfundur : Elfar Steinn Karlsson <elfar@vesturbyggd.is>  
Viðhengi image003.jpg  
image002.jpg  
image001.png

Sæll Sigurður.

Á 95. Fundi skipulags- og umhverfisráðs sem haldinn var 9. maí s.l. var umsagnarbeiðnin tekin fyrir og eftirfarandi bókað:

### *Ofanflóðavarnir á Bíldudal*

*Lagt fram erindi frá Skipulagsstofnun, dags. 24. mars 2022. Í erindinu er óskað umsagnar um könnun á matsskyldu vegna ofanflóðavarna ofan Bíldudals, Stekkjargil/Gilsbakki og Milligil.*

*Skipulags- og umhverfisráð telur að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaaðila á þeim, og gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar mótsvægisáðgerðir og vöktun að svo komnu máli.*

Þetta tilkynnist hér með.

Kv.



Elfar Steinn Karlsson

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, Hevf.is

Bolungarvík 6. apríl 2022


Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

### **Umsögn um kynningu ofanflóðavarnir ofan Bíldudals, Vesturbyggð Stekkjagil/Gilsbakkagil og Milligil.**

Heilbrigðisnefnd Vestfjarða gerir ekki athugasemdir við framkomna á framkvæmdinni.

Ýmis starfsemi sem tengist starfseminni er háð leyfi s.s. rekstur vinnubúða, viðgerðaraðstaða og námuvinnsla. Ákveðnar viðmiðunarreglur gilda um slíka starfsemi sem fara þarf eftir. Sækja þarf formlega um leyfi og reikna má með að afgreiðsla heilbrigðisnefndar taki meira en fjórar vikur. Í kynningu kemur fram að framkvæmdasvæðið er í mikilli nálægð við íbúðabyggð, því gilda takmarkanir á vinnutíma og háværum framkvæmdum sem fram koma í reglugerð um hávaða nr 724/2008. Þar sem þörf er á sprenginum mjög nálægt íbúðabyggð þarf að gæta sérstaklega að hættu fyrir íbúa og húsnæði í nágrenni framkvæmdasvæðis. Tryggja þarf öryggi íbúa og skóla.

Með kveðju



Anton Helgason  
Heilbrigðisfulltrúi




Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið  
Suðurgata 39 101 Reykjavík  
(354) 570 13 00  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartúni 7 b  
105 Reykjavík



Reykjavík 25. apríl 2022  
MÍ202204-0109/ 6.07 / K.M.

## Efni: Ofanflóðavarnir á Bíldudal. Stekkjargil/Gilsbakkagil og Milligil.

Minjastofnun Íslands hefur móttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 24. mars s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Kristinn Magnússon  
Verkefnastjóri  
kristinn@minjastofnun.is

Í skýrslu framkvæmdaraðilans kemur fram að markmið framkvæmdarinnar er að verja byggð fyrir neðan Stekkjargil/Gilsbakkagil og Milligilin fyrir ofanflóðum. Skipulagssvæðið er um 11 ha og liggur í 20 – 100 m hæð yfir sjávarmáli. Heildalengd varna er 1.035 m. Þær skiptast í aurvarnargarða, um 270 m, snjó- og krapaflóðavarnir, 720 m og steypant vegg við grunnskólann, 45 m langan og 8 m háan.

Í skýrslunni segir að einnig verði reistar jarðvegsmanir yst og innst í bænum til að leiða vatn og stöðva aurflóð, krapaspýjur og grjót. Þá verði þrjár 4,5 m háar keilur staðsettar neðan Stekkjargils til þess að brjóta upp krapaflóð úr gilinu áður en þau lenda á þvergarðinum fyrir neðan.

Vinnuvegir verða lagðir um framkvæmdasvæðið sem nýttir verða á framkvæmdatíma og eftir að framkvæmdum líkur til að viðhalda vörnunum og hreins grjót og aur úr rásum. Efnisþörf við gerð varnargarða og keila eru áætluð um 212.000 m<sup>3</sup> en gert er ráð fyrir að allt það efni fái úr skeringum á svæðinu. Umframmagn skeringa verður nýtt í landmótun og mildun fláa.

Á árunum 2008 – 2010 var reistur leiðigarður undir Búðagili sem ætlað var að taka við snjó-, krapa- og aurflóðum úr gilinu norðan við meginbyggð þorpsins og leiða þau til sjávar. Árið 2014 var gefin út kynningarskýrsla um snjóflóðavarnir á Bíldudal. Ekki varð af framkvæmdum á grunni þeirrar vinnu.

Fjallað er um fornleifar í kafla 5.6 í skýrslu framkvæmdaraðilans. Eins og þar kemur fram voru fornleifar skráðar árið 2014 á því svæði sem þá

*Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.*

var skilgreint sem fyrirhugað framkvæmdasvæði. Í október 2021 var skoðað svæði sem þá hafði bæst við skilgreint framkvæmdasvæði ofanflóðavarnanna. Þá liggur fyrir húsakönnun fyrir Bíldudal sem kom út árið 2000. Í skýrslu framkvæmdaraðilans kemur fram að engin hús þurfi að víkja fyrir fyrirhuguðum vörnum.

Minjastofnun Íslands veitti umsögn um matsskyldu ofanflóðavarna á Bíldudal með bréfi til Skípulagsstofnunar dags 13.05.2015. Þar kom fram að nokkrar fornleifar væru innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis ofanflóðavarnanna. Stofnunin gerði kröfu um að grafnir yrðu könnunarskurðir í þústir útihúsa (ÍS-140458-200-005 og 006), matjurtargarða (ÍS-140458-200-007), niðurgröft (ÍS-140458-200-008) og garð (ÍS-140458-200-009).

Í júní árið 2015 kom út skýrsla Náttúrustofu Vestfjarða, *Fornleifarannsókn vegna fyrirhugðara ofanflóðavarna á Bíldudal*. Í skýrslunni var gerð grein fyrir niðurstöðum úr rannsóknarskurðum sem grafnir voru í þær fornleifar sem Minjastofnun fór fram á að yrðu athugaðar. Leifar útihúsanna (005 og 006) fundust undir sverði í þústunum. Þessi útihús voru ekki gömul eða frá 20. öld. Ekki fundust leifar eldri mannvirkja eða mannvistarleifa undir húsarústunum. Talið var að mínjar númer 007 og 008 væru það ungar að þær teldust vart til fornleifa. Engar eldir mínjar fundust undir þeim. Þá kom í ljós að garðurinn (009) var ekki eiginlegur hlaðinn garður heldur skriða sem rudd hefur verið til hliðar. Minjastofnun Íslands telur þessar rannsóknir fullnægjandi mótvægisáðgerðir vegna þessara minja.

Árið 2015 var talið að þau áform um ofanflóðavarnir sem þá voru til skoðunar myndu ekki hafa áhrif á nokkrar skráðar fornleifar. Í nýrri skýrslu framkvæmdaraðilans segir að tvær mínjar, garðlag (ÍS-140458-200-010) og útihús (ÍS-140458-200-011) lendi innan framkvæmdasvæðisins. Lagt er til að könnunarskurður verði gerður í mínjarnar.

Garðinum (010) er þannig lýst í fornleifaskráningarskýrslu: *Ofan við hús 24-29 við Dalbraut á Bíldudal er garðlag. Garðurinn er 120 cm þar sem hann er hæstur og óhruninn. Garðurinn er 73 metrar að lengd og liggur í austur/vestur. Um er að ræða grjóthlaðinn garð.* Minjastofnun telur að ekki fengjust meiri upplýsingar um gerð og aldur garðsins þó grafnir yrðu skurðir við eða í gegnum hann. Á loftmynd á bls. 29 í skýrslu framkvæmdaraðilans sést að garðurinn liggur að hluta innan framkvæmdasvæðisins en að hluta utan þess. Minjastofnun hvetur til þess að reynt verði að varðveita eins mikið af garðinum og unnt er.

Um útihúsið segir í fornleifaskráningarskýrslunni: *Ofan við hús númer Dalbraut 30, um 27 metra frá garði [010] er hleðsla. Hleðsla er L laga. Í skýrslu um byggingarár húsa á Bíldudal, sem unnin var árið 2000, sést á korti að aftan við hús númer 30 og 32 við Dalbraut stóðu útihús.*

*Þar segir: „Dalbraut 30-32. Byggt árið 1952. Fyrir ofan Dalbraut 30-32 stóðu fjárhús. Þau hafa nú verið rífin.“ Aðeins tvær hliðar eru greinilegar og eru hleðslur að stórum hluta ógrónar og standa um 50 cm upp úr jarðvegi. Lengd veggjanna er 45 metrar í heild en annar veggurinn er 23 metrar og hinn 22 m. Snjóflóð féll á hús númer 32 árið 1969 sem hefur nú verið rífið. Á mynd í skráningarskýrslunni sést að svo virðist sem grjót hafi verið lagt í steinsteypu þegar veggurinn var gerður. Veggurinn er að öllum líkindum frá sama tíma og húsin við Dalbraut 30-32 og því ekki fornleifar. Minjastofnun telur skráningu veggjarins fullnægjandi mótvægisáðgerð.*

Eins og kemur fram í skýrslu framkvæmdaraðilans þarf að merkja útihús (ÍS-140458-200-012), býli (ÍS-140458-200-013) og rúst (ÍS-140458-200-014) á meðan á framkvæmdinni stendur til að koma í veg fyrir að minjarnar raskist af vangá.

Eins og áður segir voru fornleifar skráðar að nýju árið 2021. Svæðið sem þá var skoðað er suðvestur af fyrra svæðinu. Skráðar voru sjö minjar árið 2021. Þrjár þessara minja eru innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar eða rétt við mörk þess, tóft (2743-001), tóft (2743-002) og garðlag (2743-003). Öll hafa þessi mannvirki verið hlaðin úr grjóti. Til að reyna að komast að hlutverki útihúsanna sem stóðu þarna og til að reyna að fá hugmynd um aldur tóftanna og garðlagsins telur Minjastofnun Íslands að grafa þurfi könnunarskurði í gegnum garðlagið og inni í tóftunum.

Fjórar minjar, tóft (2743-004), rétt (2743-005), þúst (2743-006) og tóft (2743-007) eru í nágrenni framkvæmdasvæðisins en þó utan við það. Minjastofnun Íslands telur að merkja þurfi þessar minjar vel til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá á meðan á framkvæmdum stendur.


Í umsögn Minjastofnunar frá 13. mars 2015 var fjallað um svæði sem kallað er Tungan á Bíldudal. Þar sagði m.a.:

*Eins og fram kemur í skýrslu framkvæmdaraðilans barst Minjastofnun Íslands beiðni frá íbúum á Bíldudal um að friðlýsa minnisvarða á Tungunni á Bíldudal. Beiðnin var undirrituð af 77 íbúum á Bíldudal. Með beiðninni bárust einnig 10 undirskriftir frá félögum í Arnfirðingafélaginu í Reykjavík þar sem lýst var yfir stuðningi við tillögu íbúa Bíldudals um friðlýsingu minnisvarða á Tungunni á Bíldudal. Efst á svæðinu er minnismerki um hjónin Ásthildi og Pétur Thorsteinsson, reist 1951 og til hliðar við það stendur klukknaport. Neðst á svæðinu er minnisvarði um son þeirra Guðmund Thorsteinsson, Mugg. Nær grunnskóla er minnismerki frá 1954 um seglskipið Gyðu sem fórst 1910 með allri áhöfn. Mastrið af skipinu Gyðu sem flaggað er á minnisvarðanum kom upp í rækjutroll 1953. Svæðið var skipulagt sem almenningsgarður 1959 af Jóni H. Björnssyni landslagsarkitekt um leið og Jón vann hugmynd af lóð Landsbanka Íslands á Bíldudal.*

Ekki er fjallað um þetta svæði í skýrslu framkvæmdaraðilans nú. Af myndum af legu ofanflóðavarnanna, eins og þær eru hugsaðar nú, má þó ætla að tekið hafi verið tillit til sjónarmiða íbúa á Bíldudal og að Tungunni verði ekki raskað.

Að því gefnu að gengið verði að þeim kröfum Minjastofnunar sem fram koma hér að ofan telur stofnunin að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands




Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Sigurður Ásbjörnsson ([sigurdur.asbjornson@skipulag.is](mailto:sigurdur.asbjornson@skipulag.is))

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

 Skipulagsstofnun	SA
Mótt.: 20 apríl 2022	
Málnr.	
202202046	

Garðabær, 20. apríl 2022  
Málsnúmer: 202203-0052  
SS

**Efni: Umsögn um matsskyldu ofanflóðavarna við Bildudal.**

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 24. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um mögulega matsskyldu tilkynntrar framkvæmdar á byggingu ofanflóðavarna ofan Bildudals í Vesturbyggð.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með tilkynningunni. Áform um ofanflóðavarnir í Bildudal hafa verið nokkuð lengi í athugun og hafa nú þegar margar ítarlegar rannsóknir farið fram m.a. á náttúrufræðisvæðisins. Því eru væntanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar vel þekkt og greinargóð umfjöllun er um þau í tilkynningunni. Ekki er að sjá að fullt mat á umhverfisáhrifum muni bæta við nýjum upplýsingum þannig að um muni. Því telur Náttúrufræðistofnun ekki þörf á því að framkvæmdin fari í umhverfismat.


Ljóst er að viðamestu umhverfisáhrifin eru sjónræn áhrif á landslag eins og algengt er með ofanflóðavarnir. Miklar breytingar verða á ásýnd suðausturhlíðar Bildudalsfjalls ofan byggðarinnar. Hönnun og frágangur skiptir miklu máli til að takmarka ásýndaráhrif eins og hægt er.

Athuganir á gróðurfari svæðisins eru ítarlegar og hafa nýlega verið uppfærðar. Vistgerðir með ekkert eða lágt verndargildi eru ríkjandi. Graslendisvistgerðir með hátt verndargildi finnast á tæplega 20% svæðisins og starungsmýravist með mjög hátt verndargildi á rúmlega 6% svæðisins. Þessar vistgerðir munu raskast en fjallað er um tækifæri til endurheimtar votlendis utan framkvæmdasvæðis sem mótvægisáðgerð. Ýmsar aðrar mótvægisáðgerðir til að veita upp rask á gróðurþekju eru tilgreindar í tilkynningunni sem er jákvætt.

Áhrif á fuglalíf eru ekki talin mikil en búsvæði nokkurra varppara munu raskast, einkum spörfugla. Algengustu tegundirnar eru ekki sérstaklega sjaldgæfar.


Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við framkvæmdina.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



 Skipulagsstofnun	SA
Mótt.: 29 mars 2022	
Mátnr.	
202202046	

Skipulagsstofnun  
bt. Sigurðar Ásbjörnssonar  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík  
[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is) [sigurdur.asbjornsson@skipulag.is](mailto:sigurdur.asbjornsson@skipulag.is)

Dags. 29.03.2022  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2018-0094  
0.5.1

Með erindi dags. 24. mars sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um könnun á matsskyldu vegna framkvæmdar við ofanflóðavarnir ofan Bíldudals í Vesturbyggð.

Veðurstofan gerir ekki athugasemdir varðandi framkvæmd þessa.


Virðingarfyllt,



Árni Snorrason  
forstjóri VÍ



**Skipulagsstofnun**  
B.t. Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartúni 7 b,  
105 Reykjavík



### Efni: Bildudalur Vesturbyggð – bygginga ofanflóðavarna ofan Bildudals

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 24. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Vegagerðarinnar vegna tilkynningar Náttúrustofu Vestfjarða um framkvæmd sem kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum, skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Vegagerðin skal í umsögn sinni gefa álit á því hvort og á hvaða forsendum framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka framangreindra laga.

Síða 1/1

Sérstaklega er beðið um að Vegagerðin gefi í umsögn sinni mat á því hvort nægilega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Vegagerðin telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fram kemur að áform framkvæmdaraðila feli í sér að gera ofanflóðavarnir fyrir ofan byggð á Bildudal, til að tryggja öryggi íbúa á Bildudal. Gert er ráð fyrir að garðurinn verði átta til fjórtán m að hæð og einnig byggðar varnarkeilur neðan giljanna. Ofan við Grunnskóla Bildudals er áætlað að reisa átta m háan steiptan þvervegg til að verja skólalúsið. Efnispörf við gerð varnagarða og keila er áætluð 212.000 m<sup>3</sup> en gert er ráð fyrir að allt það efni fái úr skeringum á svæðinu, umframmagn skeringa verður nýtt í landmótun og mildun fláa.

Vegagerðin hefur kynnt sér tilkynninguna og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að nægilega vel sé gerð grein fyrir helstu framkvæmdaþáttum og telur að sú viðbót sem hér sé til umfjöllunar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Vegagerðin bendir á að kanna þarf hvort verði meiri snjósöfnun á vegum vegna garðanna.

Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Sigurður Friðgeir Friðriksson

Undirskrift  
SIGURÐUR FRIÐGEIR

Vegagerðin  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is